

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 60/1985.

1. gr.

Upphaf 1. tl. 2. gr. orðist svo:

Hún skal fyrir lok janúarmánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld borgarinnar fyrir reikningsárið (almanaksárið).

2. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Á fyrsta fundi nýkjörinnar borgarstjórnar kýs hún sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs og síðan í júní ár hvert.

3. gr.

7. mgr. 8. gr. hljóði svo:

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema borgarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið, að tiltekin mál í fundargerð, sem á dagskrá eru, verði gerð að sérstökum dagskrárlið í framhaldi af þeirri fundargerð.

4. gr.

2. mgr. 9. gr. hljóði svo:

Dagskrá borgarstjórnarfunda skal með sama fyrirvara send útvarpi og dagblöðum í Reykjavík.

5. gr.

4. mgr. 11. gr. falli niður. Greinin er svohljóðandi:

Mál telst ekki samþykkt, nema helmingur viðstaddra borgarfulltrúa greiði því atkvæði.

6. gr.

12. gr. hljóði svo:

Borgarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

- a. Hina árlegu fjárhagsáætlun borgarinnar.
- b. Ársreikninga borgarinnar og fyrirtækja hennar.
- c. Reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
- d. Áætlanir fyrir Reykjavíkurborg, sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
- e. Beiðni um aðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

7. gr.

21. gr. hljóði svo:

Borgarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl borgarinnar og þeir eiga óhindraðan aðgang að stofnunum hennar og starfsemi.

8. gr.

2. mgr. 29. gr. falli niður. Greinin er svohljóðandi:

Nú næst ekki meirihluti í borgarstjórn fyrir ráðningu borgarstjóra og getur þá ráðherra ákveðið, að borgarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

9. gr.

2. tl. 37. gr. breytist og hljóði svo:

Fimm menn í byggingarnefnd aldraðra og fimm til vara. Formannskjör.

10. gr.

Við 37. gr. bætist nýr liður, nr. 11, svohljóðandi:

Fimm menn í skólamálaráð Reykjavíkurborgar og fimm til vara.

11. gr.

Við 3. mgr. 38. gr. bætist:

... Þó fellur umboð nefndar sjálfkrafa niður, þegar 4 ár eru liðin frá því að nefndin var kosin.

12. gr.

4. mgr. 39. gr. breytist og hljóði svo:

Um starfsmenn borgarinnar gilda reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967 með síðari breytingum.

13. gr.

6. mgr. 39. gr. falli niður. Greinin hljóðar svo:

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

14. gr.

Lagatiltvitnanir, sem breytast skv. lögum nr. 8/1986 eru þessar:

1. gr. Þar skal vitnað í framangreind lög.

2. tl. 8. gr. Tiltvitnun í 2. gr. samþykktar þessarar sbr. og 6. gr. laga nr. 8/1986.

23. gr. Þar skal vitnað í 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

26. gr. 2. mgr. Þar skal vitnað til 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

27. gr. 1. mgr. Þar skal vitnað til 56. gr. laga nr. 8/1986.

35. gr. 3. mgr. Þar skal vitnað til 8. kafla laga nr. 8/1986.

15. gr.

Ákvæði tila bráðabirgða breytist svo:

1. mgr. falli niður.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Línal.